



almannaheill
samtök þriðja geirans

Fundur í stjórn Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, 16. október 2019, kl. 10.30, að Sigtúni 42 í Reykjavík.

Mætt voru: Árni Einarsson, Ásdís E. Hannesdóttir, Halldór S. Guðbergsson, Hrannar B. Arnarson, Ómar H. Krismundsson, Vilmundur Gíslason og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta var rætt:

1. Lýsa/fundur fólksins

Fram kom að Menningarfélag Akureyrar, framkvæmdaraðili Lýsu/fundar fólksins í September s.l., hefur lagt fram skýrslu um framkvæmd hátíðarinnar. Þar kemur fram að samtals 56 viðburðir voru á dagkrá hátíðarinnar á tveimur dögum. MAK vinnur nú að gerð könnunar á mati þátttakenda í hátíðinni á hvernig til tókst með uppbyggingu og framkvæmd hátíðarinnar í ár.

Ákveðið var að óska eftir fundi í félagsmálaráðuneytinu, stærsta styrktaraðila hátíðarinnar, um framhald verkefnisins. Stjórn Almannaheilla mun í framhaldinu efna til umræðu og endurskoðunar á öllum þáttum hátíðarinnar og skerpa á tilgangi hennar nú þegar hún hefur verið haldin fimm sinnum.

2. Samstarf við Fræðasetur þriðja geirans

Lögð var fram tillaga til samþykktar um að Almannaheill efndi til samstarfs við Fræðasetur þriðja geirans um að efla starf setursins og styrkja með því starfsemi þriðja geirans með ýmsum hætti. Var tillagan rædd og afgreidd einróma sem samþykkt stjórnar og hljóðar þannig:

“Stjórn Almannaheilla samþykkir að hefja aftur formlegt samstarf við setur þriðja geirans við Háskóla Íslands, sem nú mun starfa undir nýju nafni. Samstarf þessara aðila mun eins og áður felast í upplýsingamiðlun og upplýsingasöfnun um málefni félagasamtaka og annarra sem starfa án hagnaðarvonar, þar á meðal með fundum og ráðstefnum og söfnun og greiningu gagna um starfsemi þriðja geirans. Samstarfið felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar. Ákvarðanir um kostnað vegna einstakra

samstarfsverkefna verða teknar á stjórnarfundum. Fulltrúi Almannaheilla mun sitja í ráðgjafahópi setursins.”

Fram kom að Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir, prófessorar við HÍ, hafa átt samtál við forsætisráðherra um stuðning ráðuneytisins við þetta sameiginlega átak. Til stendur að formaður Almannaheilla fari með þeim á fund ferðamála, iðnaðar- og nýssköpunarráðherra í sömu erindagjörðum.

3. Meðferð frumvarps um félög til almannaheilla

Fram kom að samkvæmt auglýstri dagskrá alþingis 16. október mun ferðamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðherra mæla fyrir stjórnarfrumvarpinu um félög til almannaheilla. Að lokinni 1. umræðu verður frumvarpið sent til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins. Almannaheill mun mæla með samþykkt frumvarpsins.

Nokkrar umræður urðu um frumvarp um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, sem lagt var fyrir alþingi viku nóvember og afgreitt sem lög á tveimur dögum. Almannaheill höfðu engin afskipti af því frumvarpi, en það tekur mið af efni frumvarpsins um félög til almannaheilla, sem ekki hefur verið afgreitt af þinginu.

4. Tilkynning til fyrirtækjaskrár

Farið var yfir og skrifað undir nýja tilkynningu til fyrirtækjaskrár um skipan stjórnar og varastjórnar Almannaheilla.

5. Málþingshugmyndir

Rætt var um málefni sem Almannaheill myndi vilja efna til opinberrar umræðu um á næstu mánuðum. Stefnt er að því að haldið verði málþing í nóvember um félagslega frumkvöðlastarfsemi á vegum Fræðaseturs þriðja geirans með aðild Almannaheilla.

6. Starf málefnaþópa

Fram kom að þegar hafa tveir málefnaþópar fundað. Stefnt er að því að aðrir hópar fundi á næstunni. Til að greiða fyrir því var ákveðið að eftirfarandi stjórnarmenn kalli hópana saman til fyrsta fundar:

Vilmundur kallar saman kynningar og aðildarfélaghóp

Árni kallar saman fræðsluhóp

Ragnheiður kallar saman heimsmarkmiðahóp

Jónas kallar saman siðaregluhóp

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, mun starfa með heimsmarkmiðahópnum.

7. Námslína við Opna háskólann

Tilkynnt var um að endurbætt námslína fyrir starfmenn og stjórnendur í þriðja geiranum hefði verið opnuð við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík. Alls eru 18 nemendur á því námskeiði sem nú stendur yfir. Almannaheill hafði frumkvæði að þessu námi.

8. Vörn fyrir nafn og auðkenni

Árni vakti máls á vanda félagasamtaka sem ættu í vök að verjast vegna stuldar eða eftiröpunar á nafni og merkjum samtakanna. Erfitt og kostnaðarsamt getur reynst að verjast slíkum atlögum óviðkomandi aðila. Því var varpað fram hvort Almannaheill gætu haft milligöngu um að fá sérfróða aðila til að leiðbeina félagasamtökum í slíkum málum.

Næsti fundur verður haldinn 13. nóvember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.40.